

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, nr. 498/2010.

#### 2. gr.

##### *Meðhöndlun úrgangs við íbúðarhúsnæði.*

Innheimta skal gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs við allt íbúðarhúsnæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjald miðast við grunneiningu íláta fyrir meðhöndlun úrgang frá heimilum skv. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

Stærð grunneiningar er 240 l grátunna fyrir óflokkaðan úrgang, 660 l græntunna fyrir pappír, 360 l svarttunna fyrir plast og 5,7 l fötu fyrir lífúrgang.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

Gjald á grunneiningu við íbúðarhúsnæði:

|                                         |            |
|-----------------------------------------|------------|
| Grátunna/óflokkaður úrgangur 240 l ílát | 38.295 kr. |
| Græntunna pappír og pappi 660 l         | 6.210 kr.  |
| Svarttunna plast 360 l ílát             | 6.210 kr.  |
| Lífúrgangur 5,7 l ílát                  | 8.280 kr.  |

Stækkun á tunnum til viðbótar við grunneiningargjald:

|                                             |            |
|---------------------------------------------|------------|
| Blandaður úrgangur úr 240 l í 660 l tunnu   | 54.130 kr. |
| Blandaður úrgangur úr 240 l í 1.100 l tunnu | 82.700 kr. |
| Pappír úr 660 l í 1.100 l tunnu             | 8.280 kr.  |
| Auka plasttunna                             | 6.210 kr.  |

Söfnunartíðni:

Grátunna: *Söfnun á 5 vikna fresti.*

Græntunna: *Söfnun á 5 vikna fresti.*

Svarttunna: *Söfnun á 5 vikna fresti.*

Fötu fyrir lífúrgang skal skilað í söfnunarskápa.

Annar kostnaður vegna meðhöndlunar úrgangs við íbúðarhúsnæði:

|                                                          |            |
|----------------------------------------------------------|------------|
| Breytingakostnaður við ílát                              | 3.500 kr.  |
| Endurnýjunargjald tunnu 240 l með flutningi á staðfang   | 20.000 kr. |
| Endurnýjunargjald tunnu 660 l með flutningi á staðfang   | 70.500 kr. |
| Endurnýjunargjald tunnu 1.100 l með flutningi á staðfang | 80.000 kr. |
| Söfnun á lífúrgangi við heimili í þéttbýli pr. ferð      | 2.000 kr.  |

Veittur er 5.000 kr. afsláttur ef tunna er sótt á móttökustað.

### 3. gr.

#### *Gjald fyrir fastan kostnað, rekstur grenndar- og móttökustöðvar og meðhöndlun úrgangs.*

Á grenndarstöðvum sveitarfélagsins er tekið á móti textíl, gleri, plasti, pappa og málmum. Innheimta skal gjald fyrir fastan kostnað vegna reksturs grenndar- og móttökustöðva. Gjaldið miðast við kostnað sem til fellur vegna fasts kostnaðar á grenndar- og móttökustöð sveitarfélagsins, s.s. launa, gámaleigu, flutnings og annars fasts kostnaðar við móttöku, flokkun og förgun sorps.

|                                                 |            |
|-------------------------------------------------|------------|
| Íbúðarhúsnæði                                   | 19.900 kr. |
| Frístundahúsnæði, atvinnuhúsnæði og það         |            |
| íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta | 43.367 kr. |

### 4. gr.

#### *Gjaldskrá móttökustöðvar.*

Á móttökustöðvum sveitarfélagsins er tekið á móti almennum úrgangi, grófum úrgangi, málmum, pappa, plasti, brotajárni, gleri, ólituðu og lituðu timbri, garðaúrgangi auk spilliefna, raftækja og öðru sem telst úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Greitt er fyrir afsetningu á óflokkuðum úrgangi, grófum úrgangi, lituðu og ólituðu timbri á móttökustöð sveitarfélagsins. Heimili, frístundahúsnæði, fyrirtæki, lögbýli og frístundahúsafélög sem afsetja úrgang á móttökustöð eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingar úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustað eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustað eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar.

Gjaldtaka á móttökustað miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er.

Um gjaldskyldu og flokka úrgangs gildir gjaldskrá fyrir móttökustöð Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

|                                                          |           |
|----------------------------------------------------------|-----------|
| Móttökugjald á 0,25 m <sup>3</sup> af óflokkuðum úrgangi | 4.600 kr. |
| Móttökugjald á 0,25 m <sup>3</sup> af grófum úrgangi     | 4.600 kr. |
| Móttökugjald á 0,25 m <sup>3</sup> af lituðu timbri      | 3.500 kr. |
| Móttökugjald á 0,25 m <sup>3</sup> af ólituðu timbri     | 2.500 kr. |

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á brotamálmum, úrgangi sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs né garðaúrgangs og annars óvirks úrgangs, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

### 5. gr.

#### *Gjald fyrir meðhöndlun á dýrahraejum.*

Sorpeyðingargjald vegna hrædýra er lagt á alla aðila með búrekstur:

|                               |             |
|-------------------------------|-------------|
| Gjaldflokkur 1 (mikil notkun) | 236.250 kr. |
| Gjaldflokkur 2                | 88.594 kr.  |
| Gjaldflokkur 3 (örbú)         | 23.625 kr.  |

Skilgreiningar á gjaldflokkum:

*Gjaldflokkur 1*

- i. Öll kúabú með yfir 300.000 l greiðslumark.
- ii. Kúabú með umtalsverða aðra starfsemi t.d. með fleiri en 100 fjár.
- iii. Sauðfjárbú með yfir 1.000 fjár.
- iv. Svínabú með gripafjölda yfir 600 svín.

*Gjaldflokkur 2*

Stærð búa sem ekki falla undir gjaldflokk 1 eða örbú.

Örbú:

Öll bú eða aðilar sem eru með undir 50 hross og 50 fjár og ljóst er að landbúnaður er aukabúgrein en ekki í raun atvinna viðkomandi.

Undanþágur og afslættir:

Eldri borgarar geta sótt um afslátt af gjaldi minni búa. Á það einungis við um bú sem rekin eru á kennitölu viðkomandi eldri borgara. Veittur er þá 40% afsláttur af gjaldi, 88.594 kr. fara þá niður í 53.154 kr.

Ef bú getur sýnt fram á að það sjái sjálft um löglega afsetningu sinna hræja er hægt að fá gjaldið fellt niður.

Aðilar með búrekstur og ársveltu undir 5 m.kr geta sótt um 40% afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ.

6. gr.

*Gjald dagar.*

Gjald daga gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs frá heimilum og rekstraraðilum skulu vera þeir sömu og fasteignaskattur og skal innheimtu gjaldanna hagað á sama hátt og innheimta fasteignaskatts.

Gjald dagar gjalds vegna meðhöndlunar á dýrahæjum er í október ár hvert.

Fyrir móttöku úrgangs á móttökustöð sveitarfélagsins skal greiða fyrir við afsetningu á móttökustað í samræmi við gildandi gjaldskrá móttökustöðvar.

7. gr.

*Innheimta.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga.

8. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 3. desember 2025. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, nr. 1704/2024.

*Skeiða- og Gnúpverjahreppi, 3. desember 2025.*

**Sylvía Karen Heimisdóttir** sveitarstjóri

---

B deild - Útgáfudagur: 6. janúar 2026